

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 49/1999, um Orkusjóð.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að veita hitaveitum styrk til stækkunar á dreifikerfi í þeim tilfellum þegar notendur eru of fáir til þess að bera stofn-
kostnað, enda megi ætla að slík framkvæmd styrki atvinnulíf, þjónustu við ferðamenn og
uppbyggingu sumarbústaðalanda til lengri tíma litið.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að Orkusjóði verði gert kleift að styrkja hitaveitur til þess
að stækka dreifikerfi sín. Víða um landið háttar þannig til að hitaveitur geta með tiltölulega
litlum tilkostnaði stækkað dreifikerfi sín en í mörgum tilfellum eru notendur of fáir til þess
að bera stofnkostnað við veitu. Með því að gera Orkusjóði kleift að veita framlög til stofn-
kostnaðar má ætla að víða um land skapist möguleikar á uppbyggingu í atvinnulífi, svo sem
þjónustu við ferðamenn og uppbyggingu sumarbústaðalanda.